



17. febrúar 2023

Tilv. 2301200

Dreifibréf nr. 3/2023 til rekstraraðila sérhæfðra sjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða
b.t. ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Efni: Skylda til að framkvæma áreiðanleikakannanir á viðskiptamönnum rekstraraðila sérhæfðra sjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða

Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands hafa borist fyrirspurnir frá rekstraraðilum sérhæfðra sjóða og rekstrarfélögum verðbréfasjóða sem lúta að því hverjir teljast viðskiptamenn þeirra og hverjar séu skyldur þeirra til að framkvæma áreiðanleikakannanir á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Markmið laga nr. 140/2018 samkvæmt 1. gr. laganna er að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með því að skylda aðila sem stunda starfsemi er kann að verða notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, þ.e. svokallaðra tilkynningarskylda aðila, til að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna um það til lögbærra yfirvalda vakni grunur um eða verði þeir varir við slíka ólögmeta starfsemi. Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða og rekstrarfélög verðbréfasjóða teljast tilkynningarskyldir aðilar í skilningi laga nr. 140/2018, sbr., a-liður 1. mgr. 2. gr. og 17. tölul. 1. mgr. 3. gr laganna. Í því skyni að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hvílir skylda á rekstraraðilum sérhæfðra sjóða og rekstrarfélögum verðbréfasjóða til þess að m.a. framkvæma áreiðanleikakannanir á viðskiptamönnum sbr. 8. gr. laga nr. 140/2018. Til þess að komast að niðurstöðu um það hver teljist viðskiptamaður rekstraraðila sérhæfðs sjóðs og hvaða skyldur hvíla á félögunum verður m.a. litið til 8. gr. laga nr. 140/2018 og viðmiðunarreglna evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) EBA/GL/2021/02 um áhættuþætti vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka (hér eftir viðmiðunarreglur EBA), sérstaklega 16. kafla viðmiðunarreglnanna sem fela í sér sérstakar viðmiðunarreglur fyrir sjóðamarkaðinn (Sectoral Guidelines for Investment Funds).¹

Í 8. gr. laga nr. 140/2018 segir að tilkynningarskyldir aðilar skuli framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum sínum í ákveðnum tilvikum m.a. við upphaf samningsbands. Í 1. mgr. 3. gr. laganna er samningsband skilgreint sem viðskiptasamband tilkynningarskylds aðila við viðskiptamann sem er til komið vegna viðskipta viðskiptamanns við tilkynningarskyldan aðila og sem gert er ráð fyrir, á þeim tíma sem viðskiptasambandi er komið á, að vari um ákveðinn tíma. Að öðru leyti veita löginn ekki frekari leiðbeiningar um hver teljist viðskiptamaður í skilningi laganna.

¹ [Final Report on Guidelines on revised ML TF Risk Factors.pdf \(europa.eu\)](#)

Í grein 16.13 í viðmiðunarreglum EBA segir að það hvernig aðili kemur til viðskipta við sjóð ráði því hvernig rekstraraðilar eða rekstrarfélög skuli uppfylla skyldu sína til að framkvæma áreiðanleikakönnun. Í grein 16.14 eru tiltekin nokkur dæmi um hvernig aðili kemur í viðskipti við sjóð. Sérstaklega er vakin athygli á c- og d-lið greinarinnar sem fjallar annars vegar um það tilvik þegar hlutdeildarskírteini er skráð á nafn fjárfestis, og hins vegar þegar hlutdeildarskírteini er skráð á nafn fjármálafyrirtækis (t.d. í gegnum safnreikning) en verið er að fjárfesta fyrir hönd annars aðila (endanlegs fjárfestis). Fjármálaeftirlitið bendir rekstraraðilum sérhæfðra sjóða og rekstrarfélögum verðbréfasjóða einnig á að kynna sér efni 16. kafla viðmiðunarreglna EBA en þar er m.a. fjallað um hvenær beita skuli aukinni áreiðanleikakönnun.

1. Hlutdeildarskírteini skráð á nafn fjárfestis, með eða án milligöngu fjármálafyrirtækis

Í þeim tilvikum sem aðili fjárfestir í sjóði í eigin nafni, óháð því hvort hann fjárfestir fyrir milligöngu annars tilkynningarskylds aðila eða án milligöngu, myndi sá aðili sem skráður er fyrir hlutdeildarskírteininu teljast viðskiptamaður rekstraraðila sérhæfðs sjóðs í skilningi 8. gr. laga nr. 140/2018, sbr. a- og d-liður greinar 16.14. í viðmiðunarreglum EBA.²

Í þeim tilvikum þegar fjárfest er fyrir milligöngu annars tilkynningarskylds aðila, en aðili fjárfestir í sjóði í eigin nafni, hvílir bæði skylda á milligönguaðilanum í viðskiptunum og á rekstraraðila sérhæfða sjóðsins til að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðkomandi fjárfesti í skilningi laga nr. 140/2018, sbr. einnig grein 16.21 í viðmiðunarreglunum.³

Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þarf rekstraraðili sérhæfðs sjóðs eða rekstrarfélag verðbréfasjóðs ekki að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamanni áður en viðskipti hefjast, að því gefnu að samsvarandi upplýsinga hafi verið aflað af öðrum tilkynningarskyldum aðila, eða í framangreindu tilviki af milligönguaðilanum, sbr. 18. gr. laga nr. 140/2018. Það er þó bundið því skilyrði að sá sem upplýsingarnar veitir hafi framkvæmt áreiðanleikakönnun og varðveiti gögn í samræmi við kröfur laga nr. 140/2018 og lúti sambærilegu eftirliti og lögum kveða á um. Til þess að unnt sé að víkja frá skyldu til að framkvæma sjálfstæða áreiðanleikakönnun þarf rekstraraðilinn að gera skriflegan samning við tilkynningarskylda aðilann í samræmi við 5. mgr. 18. gr. laga nr. 140/2018 þar sem

² Sjá d. lið 16.14. gr. viðmiðunarreglnanna: „The customer is a firm’s customer, for example a financial intermediary’s customer, where the firm is not registered in the fund’s share/units register (e.g. because the investment fund uses a financial intermediary to distribute fund shares or units, and the investor purchases units or shares through the firm and is registered in the fund’s share/units register)“

³ Sjá grein 16.21 í viðmiðunarreglunum: In the situations described in guideline 16.14 (d), the fund or fund manager should apply risk-sensitive CDD measures to the ultimate investor as the fund or fund manager’s customer. To meet its CDD obligations, the fund or fund manager may rely upon the intermediary in line with, and subject to, the conditions set out in Chapter II, Section 4, of Directive (EU) 2015/849.

m.a. kemur fram að veitandi upplýsinga muni án tafar, sé þess óskað, afhenda afrit af viðurkenndum persónuskilríkjum og eftir atvikum öðrum gögnum sem sanna hver viðskiptamaður og raunverulegur eigandi er. Endanleg ábyrgð á könnun á áreiðanleika viðskiptamanns hvílir eftir sem áður á rekstraraðilanum sem móttukur umræddar upplýsingar, sbr. 1. mgr. 18. gr. laganna.

2. Hlutdeildarskírteini skráð í nafni fjármálafyrirtækis, fyrir hönd endanlegs fjárfestis

Í þeim tilvikum sem fjármálafyrirtæki fjárfestir í sjóði, fyrir hönd fjárfestis, en í nafni fjármálafyrirtækis (t.d. í gegnum safnreikning sem skráður er á nafn fjármálafyrirtækis) telst fjárfestirinn að mati fjármálaeftirlitsins ekki viðskiptamaður rekstraraðila eða rekstrarfélags, heldur fjármálafyrirtækið, sbr. c-liður greinar 16.14 í viðmiðunarreglum EBA.⁴ Ber rekstraraðilanum í þeim tilvikum að framkvæma áreiðanleikakönnun á fjármálafyrirtækinu í samræmi við lög nr. 140/2018, sbr. einnig grein 16.20 í viðmiðunarreglunum.⁵ Umfang þeirrar áreiðanleikakönnunar skal vera á áhættumiðuðum grundvelli og skal m.a. felast í því að afla upplýsinga um þá sem eru endanlegir fjárfestar og ganga úr skugga um fjármálafyrirtækið sæti sambærilegum kröfum um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka og hér á landi. Þá kann að vera tilefni til að sanna deili á endanlegum fjárfestum sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018 og grein 16.13 í viðmiðunarreglunum. Einnig kann að vera tilefni til að rekstraraðili eða rekstrarfélag kalli eftir áreiðanleikakönnunum á endanlegum fjárfestum frá því fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu með viðskiptunum sbr. e-liður greinar 16.20 í viðmiðunarreglunum.

Hvað varðar upplýsinga um endanlega fjárfesta í sjóðum vill fjármálaeftirlitið einnig vekja athygli á að í 3. mgr. 76. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er kveðið á um að ef hlutdeildarskírteini er skráð á safnreikning skuli viðkomandi fjármálafyrirtæki veita rekstraraðila upplýsingar um nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda, hvenær sem rekstraraðili óskar þess. Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga nr. 45/2020 ber rekstrarfélaginu einnig að halda skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa í sjóðnum og í þeirri skrá skulu m.a. koma fram nöfn og kennitölur eigenda. Upplýsingar um endanlega fjárfesta í sjóði ættu því að einnig að vera veittar á grundvelli framangreindrar skyldu fjármálafyrirtækja til þess að

⁴ Sjá c. lið 16.14. gr. viðmiðunarreglnanna: The customer is a firm, for example a financial intermediary, that acts in its own name and is registered in the fund's share/units register but acts on the account of, and pursuant to specific instructions from, one or more third parties (e.g. because the financial intermediary is a nominee, broker, multi-client pooled account or operator of a similar passice-type arrangement).

⁵ Sjá grein 16.20 í viðmiðunarreglunum: In the situations described in guideline 16.14(c), where the financial intermediary is the fund or fund manager's customer, the fund or fund manager should apply risk-sensitive CDD measures to the financial intermediary. The fund or fund manager should also take risk sensitive measures to identify, and verify the identity of, the investors underlying the financial intermediary, as these investors could be beneficial owners of the funds invested through the intermediary.

veita rekstraraðila upplýsingar um nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda eða endanlegra fjárfesta í sjóðum.

3. Samantekt

Í dreifibréfi þessu hefur verið fjallað um það hvernig komast skuli að niðurstöðu um það hver teljist viðskiptamaður rekstrarfélags verðbréfasjóða eða rekstraraðila sérhæfðra sjóða í skilningi laga nr. 140/2018 við kaup í sjóði.

Í fyrri hluta var fjallað um það tilvik þegar viðskiptamaður fjárfestir í sjóði í eigin nafn án milligöngu fjármálafyrirtækis, en þá telst sá aðili viðskiptamaður rekstrarfélags eða rekstraraðila. Sama staða er uppi ef sá aðili fjárfestir fyrir milligöngu fjármálafyrirtæki en í eigin nafni, en þá telst hann viðskiptamaður beggja aðila.

Í því tilviki sem fjármálafyrirtæki fjárfestir fyrir hönd fjárfestis, en í eigin nafni t.d. í gegnum safnreikning, telst fjármálafyrirtækið viðskiptamaður rekstraraðila eða rekstrarfélags.

Að lokum bendir fjármálaeftirlitið rekstrarfélögum verðbréfasjóða og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða að kynna sér vel efni dreifibréfsins og 16. kafla viðmiðunarreglna EBA.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

fjármálaeftirlit

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir

Ásdís Nordal Snævarr
lögfræðingur
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir

